



Heim > Íþróttir > Öruggur sigur í lokaleik Ragnarsmótsins

íþróttir

Öruggur sigur í lokaleik Ragnarsmótsins

24. ágúst 2020 21:17



Henriette Østergård stóð sig vel í leiknum og varði 17 skot. Ljósmynd: Umf. Selfoss/ÁþG


Selfoss lagði ÍR með 8 marka mun í lokaleik Ragnarsmóts kvenna í handbolta á Selfossi í kvöld. Lokatölur urðu 32-24.

Selfyssingar voru sterkari aðilinn frá fyrstu sekúndu og komust fljótt í 4-0. Selfoss jók forystuna hægt og rólega og var hún orðin sex mörk undir miðjan fyrri hálfleik. Heimastúlkur leiddu með fjórum mörkum í hálfleik, 17-13. ÍR fann engin svör við sterku liði Selfoss og leiknum lauk með átta marka sigri Selfoss, 32-24.

Haukar sigruðu á Ragnarsmóti kvenna með fullt hús stiga, 6 stig, Selfoss fékk 4 stig og Fylkir/Fjölnir og ÍR fengu 1 stig hvort lið.

Mörk Selfoss: Tinna Sigurrós Traustadóttir 13, Lara Zidek 6, Elínborg Katla Þorbjörnsdóttir 5, Emilía Ýr Kjartansdóttir 3, Ivana Raickovic 2, Ragnheiður Grímsdóttir 1, Hafdís Alda Hafdal 1, Katla Björg Ómarsdóttir. **Varin skot:** Henriette Østergaard 17 (41%).

Mörk ÍR: Ólöf Hlynsdóttir 6, Guðrún Maryam 4, Karólína Sigurlaugar 4, Hildur Andrésdóttir 2, Stefanía Hafberg 2, Jóhanna Viktorsdóttir 1, Margrét Valdimarsdóttir 1, Birta Haraldsdóttir 1, Fanney Finnsdóttir 1, Sylvía Jónsdóttir 1, Auður Pálsdóttir 1. **Varin skot:** Agnes Jónsdóttir 13 (29%).



Fyrri grein

Braut rúðu í löggreglubíl í kveðjuskyni

Næsta grein

Selfyssingar fyrstar til að sigra Blika

UM OKKUR

Senda fréttaskot / Um Sunnlenska

FYLGJA OKKUR

